

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi
Skildinganes.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. marz 1973 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi í Skildinganesi að því er varðar eftirfarandi:

Austurhluti lóðar Reynistaðs og Reynisness verði 3 einbýlishúsalóðir.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrimur Dalberg.

6. apríl 1973.

Nr. 115.

AUGLÝSING**um staðfestingu á skipulagsuppdrætti, er sýnir legu Vesturlandsvegur
á svæðinu frá Kollafirði að Tíðaskarði.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. apríl 1973 staðfest skipulagsuppdrátt, er sýnir legu Vesturlandsvegur á svæðinu frá Kollafirði að Tíðaskarði.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrimur Dalberg.

6. apríl 1973.

Nr. 116.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 12/1971, um menntaskóla,
með áorðnum breytingum.****1. gr.**

34. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nemandi hefur lokið stúdentsprófi, þegar hann hefur gengið undir lokapróf í öllum námsgreinum sínum og fullnægt eftirfarandi lágmarkskröfum um einkunnir: Prófseinkunn í hverri grein: 3.0.

Meðaltal námseinkunna og prófseinkunna: 5.0.

Nemandi telst þó hafa lokið stúdentsprófi, þótt tvær prófseinkunnir hans séu undir ofangreindu lágmarki. Á því nemandi, að öðrum skilyrðum uppfylltum, rétt á að flytjast milli námsáfanga og námsára á 1.—3. námsári, þótt prófseinkunn hans í lokagrein sé undir lágmarki, meðan hann hefur ekki hlotið fleiri en tvær slíkar einkunnir.

Einkunnir í greinum, þar sem námsefni nemur minna en þremur einingum, reiknast ekki með til meðaltala þeirra, er um ræðir í þessari grein.